

Nd.

437. Frumvarp til laga

[163. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur oliuflutningaskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast:

1. Lán fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga og Oliufélagið h.f. sameiginlega til kaupa á oliuflutningaskipi allt að 50 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Lán fyrir H.f. Eimskipafélag Íslands, H.f. Shell á Íslandi og Oliuverzlun Íslands h.f. sameiginlega til kaupa á oliuflutningaskipi allt að 50 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Félög þau, er um ræðir í 1. tölulið þessarar greinar, ábyrgist bæði fyrir annað og annað fyrir bæði greiðslu láns þess, er þau kunna að taka. Svo skulu og félög þau, er nefnd eru í 2. tölulið, vera eitt fyrir öll og öll fyrir eitt ábyrg fyrir því láni, er þau kunna að taka.

Þá er það og skilyrði fyrir ábyrgðum þessum, að ríkissjóði verði settar þær tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þótt kaupskipastóll landsmanna hafi aukizt mjög hin síðari ár, hefur þó um alla oliuflutninga til landsins eingöngu orðið að treysta á erlend leiguskip, þar eð íslenskir aðilar hafa enn eigi eignazt skip, er annazt gætu slíka flutninga. Hefur hin síðari ár verið varið tugum milljóna króna í erlendum gjaldeyri á ári hverju til greiðslu á leigum fyrir oliuflutningaskip. Þegar þetta er haft í huga, svo og að oliumagn það, er til landsins er flutt, vex ár frá ári, má ljóst vera, hve mikilsvært er þjóðhagslega, að landsmenn sjálfir geti tekið oliuflutningana í sínar hendur. Auk þessa ættu Íslendingar sem eyþjóð, með auknum skipakosti, að hafa aðstöðu til í vaxandi mæli að afla verðmæta með siglingum í þágu annarra þjóða.

Af framangreindum ástæðum telur ríkisstjórnin sjálfsgætt að greiða fyrir því, að Íslendingar geti sjálfir eignazt skip til að bæta úr þessari brýnu þörf, og fer því fram á heimild Alþingis til þess að mega veita ríkisábyrgð fyrir lánnum til kaupa á tveimur oliuflutningaskipum, svo sem nánar greinir í frumvarpinu sjálfu.

Um það getur ekki orðið deilt, að áhættulaust mun verða fyrir ríkissjóð að ábyrgjast lán þau til skipakaupa, sem frumvarpið fjallar um. Þar eiga þeir hlut að, sem fyllilega eru færir um að standa við skuldbindingar sínar.

Raddir hafa heyrzt um það, að óþarfi mundi og jafnvel rangt að gefa kost á ábyrgð til kaupa á tveimur oliuflutningaskipum, þar sem eitt skip mundi geta flutt mikinn hluta þeirrar olíu, er landið þarfnast nú. Það er rétt, að þessi tvö skip mundu geta annast mun meiri flutninga en þá, sem landsmenn þarfnast nú fyrir sjálfa sig.

Íslendingar verða að stefna að því að koma upp stærri kaupskipaflota en aðeins fyrir eigin flutninga. Stefna ber hiklaust að því, að Íslendingar hafi atvinnu af siglingum fyrir aðrar þjóðir.

Það mundu þessi oliuskip gera jöfnum höndum, og væri þá merkilegt spor stigið í siglingasögu landsins.

Sumir mundu ef til vill vilja spyrja, hvort stórlán til skipakaupa mundu ekki draga úr möguleikum til útvegunar þeirra lána í öðru skyni, sem þegar hefur verið ákveðið að leita eftir og láta sitja fyrir öðru.

Lán til kaupa á skipum og flugvélum eru sér í flokki í þessu tilliti og ekki litið á þau sömu augum og lán til öflunar fastra verðmæta. Getur því hæglega svo á staðið, að hægt sé að fá lánsfé til skipakaupa, sem ekki er fánlegt til annars og án þess að slík lántaka dragi nokkuð úr möguleikum til fjárútvegunar vegna annarra framkvæmda.